



6. desember 2022

Tilv.: 2211132

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis), 20. mál.

Með tölvupósti, dags. 22. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, með síðari breytingum (vísitala neysluverðs án húsnæðis), 20. mál á 153. löggjafarþingi.

Frumvarp það er hér um ræðir er efnislega óbreytt frá því frumvarpi er lagt var fram á 152. löggjafarþingi (279. mál), en Seðlabanki Íslands veitti umsögn um það frumvarp, dags. 24. mars sl. (sjá fylgiskjal). Þeirri umsögn fylgdu jafnframt umsagnir Seðlabanka Íslands í gegnum tíðina um sams konar eða keimlík mál þar sem afstaða Seðlabankans til húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs er tíunduð með vísan til ítarefnis í þeim efnunum. Afstaða Seðlabankans að þessu leyti er óbreytt frá framangreindri umsögn og vísast því til þeirrar umsagnar, ásamt annarra umsagna Seðlabankans sem þar er vísað til, hvað varðar sjónarmið Seðlabanka Íslands gagnvart því frumvarpi sem nú er óskað umsagnar um.

Sérstaklega er áréttað, líkt og í fyrri umsögnum að vísitölu neysluverðs er eðli máls samkvæmt ætlað að mæla og gefa rétta mynd af þróun á verðlagi einkaneyslu. Slíkar mælingar verða ómarktækar nái frumvarpið fram að ganga enda gengur tillagan út á að skekkja mælingu verðlags. Auk þess er kostnaður heimila vegna eigin húsnæðis og húsaleigu stór hluti af útgjöldum þeirra og mikilvægt að grunnur vísitölu neysluverðs endurspegli sem breiðast safn útgjalda. Jafnframt er áréttað að ekki fæst séð hvernig tillagan geti samrýmst sjálfstæði Hagstofu Íslands til hagamælinga og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í þeim efnunum.

Með vísan til framangreinds, þ.m.t. þeirra sjónarmiða og ítarefnis sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri í umsögnum um sams konar eða sambærileg mál, leggst Seðlabanki Íslands eindregið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

*Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 24. mars 2022 (152. löggjafarþing, 279. mál),
ásamt fylgiskjöllum.*